

Fundargerð 106. fundar.

106. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, símafundur, var haldinn þann 20. júní 2014, klukkan 11:00.

Fundinn sátu, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Guðmundur H. Einarsson, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Endurskoðun heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdastjórnin hélt áfram vinnu við endurskoðun samþykktar nr. 636/1997 um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins.

Atriði í fyrirbyggjandi drögum að nýrri heilbrigðissamþykkt voru rædd.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur var falið að taka inn breytingar í drögin að nýrri samþykkt sem voru gerðar á fundinum og senda stýrihóp um endurskoðun svæðaskipulags höfuðborgarsvæðisins sem tillögu framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Fundi var slitið kl. 11.30